

Miðvikudaginn 27. júní 1979.

Nr. 119/1979. **Peter Misson og  
David McTaggart**  
gegn  
**Hvali h/f og  
Þorsteini Thorarensen borgarfógeta.**

Kærumál. Farbann. Máli vísað frá Hæstarétti. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðiljar hafa með kæru 20. júní 1979, sem barst Hæstarétti 21. s. m., skotið máli þessu til Hæstaréttar. Kæra þeir „þá ákvörðun eða þann úrskurð fógetaréttarins, fyrst í þinghaldi 18. þ. m. og seinna í þinghaldi í gær . . . þess efnis, að skipinu Rainbow Warrior skyldi óheimilt að fara úr Reykjavíkurböfn, unz úrskurður um lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda hefði verið kveðinn upp.“ Krefjast sóknaraðiljar þess, að ákvörðun fógeta verði felld úr gildi, „ef farbannið skyldi standa ennþá, þegar dómur Hæstaréttar um það fellur, en til þess að því verði slegið föstu að öðrum kosti, að farbannið hafi ekki átt stoð í lögum . . .“. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili Hvalur h/f krefst staðfestingar hinnar kærðu ákvörðunar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðili Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti mótmælir kröfu sóknaraðilja á hendur sér um málskostnað.

Með bréfi 18. júní 1979 fór varnaraðili Hvalur h/f þess á leit við fógetarétt Reykjavíkur, að lagt yrði „lögbann við því, að Peter Misson skipstjóri, f. 12. ágúst 1947 í Jersey, breskur ríkisborgari, David McTaggart, f. 24. júní 1932 í Vancouver B.C., kanadískur ríkisborgari, eða aðrir skipverjar á m/s „Rainbow Warrior“ GSZY trufla veiðar hvalveiðiskipa félagsins, Hvals 6 RE 376, Hvals 7 RE 377, Hvals 8 RE 388 og Hvals 9 RE 399, innan efnahagslögsögu Íslands,

eins og hún er ákveðin skv. lögum nr. 41, 1. júní 1979, með því að sigla gúmmibátum eða öðrum farkostum í veg fyrir hvalveiðiskipin og trufla þannig siglingu þeirra og með því að halda bátum sínum milli hvalveiðiskipanna og hvala í skotfæri, og enn fremur með því að sigla að hvölum, sem koma upp til að blása, og fæla þá með hávaða eða á annan hátt af veiðisvæðinu eða með öðrum hætti að trufla veiðar hvalveiðiskipanna innan efnahagslögsögunnar.“

Er lögbannsgerð þessi var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur sama dag, kom sóknaraðilinn Peter Misson fyrir dóm ásamt öðrum manni af áhöfn skipsins. Fengu þeir frest til að rita greinargerð í málinu til næsta dags kl. 1 e. h. „með því ófrávíkjanlega skilyrði, að m/s Rainbow Warrior láti ekki úr Reykjavíkurhöfn, meðan um mál þetta er fjallað í fógetarétti Reykjavíkur“. Þeir lýstu yfir því, að þeir mundu hlíta þessu skilyrði og undirrituðu bókun í fógetabók þessa efnis.

Þegar mál þetta kom fyrir hinn 19. júní, óskaði lögmaður sóknaraðilja, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, eftir fresti til greinargerðar til 21. þ. m. Skoraði hann á fógeta að fella þegar í stað niður farbann það, er lagt hefði verið á skipið daginn áður.

Af hálfu varnaraðilja Hvals h/f var synjað um frestinn og krafist úrskurðar um framgang lögbannsins. Síðan er bókað í fógetabók: „Frestbeiðni Harðar Ólafssonar og áskorun hans um niðurfellingu farbanns er tekin til úrskurðar“.

Var úrskurður upp kveðinn í sama þinghaldi, og segir svo í ályktarorðum hans:

„Umboðsmaður gerðarþola fær frest til að bera fram varnir þar til í dag kl. 4.30 e. hd. Verður þá tekin ákvörðun varðandi farbann það, er lagt var á „Rainbow Warrior“ í bókun þann 18. þ. m.“

Í þinghaldi sama dag, kl. 16.30, lýsti Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður yfir því, að hann hefði aðeins umboð til að flytja mál þetta fyrir sóknaraðilja, en ekki heimild til að taka við yfirlýsingu fógeta um lögbann, stefnubirtingu eða þess háttar. Síðan er bókað í þingbók: „Þar eð þessi yfirlýs-

ing liggur fyrir, er ákvörðun fógeta um farbann óbreytt“.

Lögmaður sóknaraðilja fékk síðan vikufrest til gagnaöflunar með samþykki lögmanns varnaraðilja Hvals h/f.

Úrskurður um lögbannskröfuna var kveðinn upp í fógetarétti Reykjavíkur 26. júní. Segir í ályktarorðum úrskurðarins, að lögbannið fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 1.000.000 króna tryggingu. Er framangreindu farbanni þar með lokið.

Lögbanni sóknaraðilja var rétt, er hann vildi ekki hlíta ákvörðun fógeta um farbannið, að krefjast þess skýrlega, að fógeti kvæði upp formlegan úrskurð um þá kröfu, að því yrði aflétt. Síðan mátti kæra þann úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga 75/1973. Þetta gerði hann ekki. Skortir heimild til kæru máls þessa. Að svo vöxnu máli ber að vísa því frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

#### **D ó m s o r ð :**

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### **S é r a t k v æ ð i**

#### **Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.**

Farbann það, sem lýst er í atkvæði meiri hluta dómenda, féll niður 26. júní. Í kærumáli þessu hafa sóknaraðiljar þess vegna ekki meinna þeirra réttarhagsmuna að gæta, sem úr verður skorið með dómi Hæstaréttar nú. Ber því að vísa kærumálinu frá Hæstarétti.

Með þessum forsendum er ég sammála dómsorði meiri hluta dómenda.